



Kennsluáætlun – Vor 2022

Bekkur: 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Drífa Björt Ólafsdóttir og María Skúladóttir

Tímafjöldi: 5 tímar á viku

Námsgögn: Efni frá kennurum.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalskrár:

Leiðsagnarmat.

Kennsluáætlun: *

Ath! Verkefnavinna – Nemendur vinna verkefni sem koma inn á google classroom, en þar setjum við kennarar inn verkefni fyrir alla önnina þar sem nemendur velja að hvaða verkefni þeir vinna að hverju sinni. Dæmi um verkefni eru til dæmis: Ljóð, sögusmíð, þjóðsögur/ævintýri, bókmenntaritgerðir, heimildaritgerðir o.fl. Þessi verkefni eru unnin á fjölbreyttan máta.

Vikan	Viðfangsefni	Mat	Annað
17.1-21.1	Heimildaritgerð		
24.1-28.1	Heimildaritgerð		

31.1-4.2	Heimildaritgerð		Starfsd./foreldraf. fim/fös
7.2-11.2	Heimildaritgerð		
14.2-18.2	Verkefnavinna		
21.2-25.2	Verkefnavinna		Vetrarfr. mán/pri
28.2-4.3	Verkefnavinna		Bollu-, Sprengi-, Öskud
7.3-11.3	Verkefnavinna		
14.3-18.3	Verkefnavinna		
21.3-25.3	Verkefnavinna		
28.3-1.4	Verkefnavinna		
4.4-8.4	Uppsópsvika		
11.4-15.4	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ
19.4-22.4	Verkefnavinna		Sumardagurinn fyrsti
25.4-29.4	Verkefnavinna		
2.5-6.5	Verkefnavinna		
9.5-13.5	Verkefnavinna		
16.5-20.5	Verkefnavinna		
23.5-27.5	Íþrótt- og útivistadagar + uppsóp		Íþrótt- og útivistad.
30.5-3.6	Uppsópstímar		
7.6-10.6	Uppsópstímar		Skólaslit

Skólanámskrá:

Íslenska - skólanámskrá í 10. bekk		
Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> • Getur flutt ljóð, texta og eigin skrif skýrt og skilmerkilega. • Getur hlustað af athygli og greint vel frá aðalatriðum. • Getur tekið virkan þátt í hópavinnu og umræðum. • Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas • Gerir sér grein fyrir hvað er góður framburður og framsögn og nýtt leiðbeiningar um framsögn 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli. • Innlifunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti. • Kenndar verða 5 kennslustundir á viku. Í málfræði og stafsetningu verður innlögð á efninu. • Kennsla fer fram með verkefnavinnu, ritun, framsögnum auk heimalesturs.

	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur góða færni í að nýta sér upplýsingar úr ræðu, riti og ýmsum miðlum. • Getur tekið þátt í rökræðum, tjáð skoðanir og rökstutt þær og valið miðil sem hentar. • Getur notið leikins efnis, kvikmynda og tónlistar og gert grein fyrir skoðun og efni. • Getur átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur mikilvægi þess að geta lesið og getur eftt eigið læsi. • Getur lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi. • Þekkir einkenni ljóða, smásagna, leiktexta, örsagna og myndasagna, getur skilgreint slíkar bókmenntir, greint þær og nýtt þekkinguna og leiknina til skapandi skrifa. • Þekkir algengustu stílbrögð s.s. endurtekningu, andstæður, þversögn, ýkjur og úrdrátt, vísun, tákni, aukamerkingar og háð, getur skilgreint hugtökin og greint í texta og nýtt þekkinguna og leiknina við eigin skrif. • Getur valið sér lesefni til gagns og ánægju. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa upphátt alla daga. • Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð. • Nemendur leysa lesskilningsverkefni. • Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð. • Lestrarsprettir. • Stefnt að því að nemendur lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega.
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gengið frá texta á viðeigandi hátt og beitt reglum um réttritun. • Getur beitt ritvinnslu af öryggi, nýtt handbækur og önnur hjálpargögn. • Getur valið orðaforða og málsnið við hæfi. • Getur skipt texta í efnislegt, röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • Getur beitt stíllritun, samið ævintýri, ljóð og þjóðsögu. • Getur notað bókmenntahugtök til að gera grein fyrir bókmenntatextum og skrifað bókmenntaritgerð um afmarkað efni sögu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni s.s. eftir upplestri, villulausar æfingar. • Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því. • Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir. • Ritun verður að einhverju leyti samþætt samfélagsgreinum.

	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað skýrt og greinilega • Getur tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim • Getur valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá • Getur skrifað heimildaritgerð. 	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Getur áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum ákveðinna orðflokka, skilgreint, greint og nýtt þekkinguna í ræðu og riti. • Getur beitt málfræðihugtökum sem búið er að læra í umræðu um málið og þróun þess. • Getur áttað sig á einkennum orðflokka. • Getur lært og notað fleyg orð, orðtök, málshætti og föst orðasambönd • Getur nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun. • Getur flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér þar málfræðilegar upplýsingar. • Getur áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt við ritun, tal og fleira. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum. • Pulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking eflað á einhverju ákveðnu sviði.
Námsefni		
Lykilhæfni		